

LÖG

um

24
4. júní

breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

3. gr. laganna verði þannig:

Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára og með vaxta-
miðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er að brjefin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innköl-
lluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabréjfaupphæðina, sem í
umferð er sett, þannig, að skuldabréfin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok
þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í um-
ferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglu-
gerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.

4. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á framanskráðum
lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf, og
síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.